# Fundargerð

**463. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, 10. júní 2021, kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 7 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á Youtube;https://www.youtube.com/watch?v=PtbdZzL7ojo

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnaskrá bætist;
Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu
14. Fundarboð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands. EFS, dags. 08.06.2021

Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi:
18. maí kynning á niðurstöðum tilraunaverkefnis um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra
20. maí fundur sameiningarnefndar um Sv.Suðurland
25. maí fundur vegna umsækjenda um Stafrænt Suðurland á Hvolsvelli
26. maí fundur með ReSource vegna verkefnatillögu 2 um tilraunaverkefni í úrgangsmálum
31. maí vinnufundur sveitarstjórnar
31. maí fundur með formanni umhverfis- og samgöngunefndar alþingis vegna mögulegrar afmörkunar miðhálendisþjóðgarðs
3. júní heimsókn ráðuneytisstjóra Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, skrifstofustjóra sveitarstjórna- og byggðamála og forstöðumanns jöfnunarsjóðs
3. júní stjórnarfundur Eldvilja ehf
4. júní fundur í sameiningarnefnd Sv. Suðurland
7. júní frh. fundur í sameiningarnefnd Sv. Suðurland
8. júní stjórnarfundur Bergrisans bs
8. júní íbúafundur vegna deiliskipulagstillögu Klausturvegar 4
Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur óskað eftir samtali við sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 16. júní nk. til að ræða möguleika á stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs.

**Fundargerðir til samþykktar**

1. 2106001F - Skipulagsnefnd - 167

    1.1 1701015 - Eldhraun

    **Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

    Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22.apríl til og með 3.júní

ASH HGÁ KG ABH

2021
Engar athugasemdir hafa borist á auglýsinga- og athugasemdatíma.
Umsagnir bárust frá Vegagerðinni og Umhverfisstofnun.
Dsk uppdráttur sem liggur fyrir fundi hefur verið uppfærður í ljósi umsagna.

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.2 1901004 - Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22.apríl til og með 3.júní 2021
Engar athugasemdir hafa borist á auglýsinga- og athugasemdatíma

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.3 2002009 - Húsnæðisáætlun

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að Húsnæðisáætlun 2021 verði samþykkt og send HMS til staðfestingar"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.4 2007005 - Hæðargarður - stofnun lóðar H8

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingartillagan verði afgreidd skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 "

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

1.5 2105016 - Hrífunes - 550 stofnun nýrrar landeignar

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið en leitað verði álits Vegagerðarinnar varðandi vegtenginguna"

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.6 2105019 - Fjaðrárgljúfur - Heimild v efnistöku í námu N25

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið"

"Jafnframt óskar skipulagsnefnd eftir því við Vegagerðina að fram verði lagður listi yfir námur sem Vg hyggst nýta áfram sem og námur sem fyrirhugaðar eru. Nú er unnið að endurskoðun á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020-2032 er er því afar brýnt að endurskoðunin nái utan um núverandi námur sem og fyrirhugaðar horft til gildistíma

aðalskipulagsins."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.7 2106002 - Kirkjubær II - bráðabirgðaleyfi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd staðfestir bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.8 2106003 - Hraunsgata - stofnun lóðar úr landi Hæðargarðs

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

1.10 2106005 - Hverfisfljót Núpsvötn - Framkvæmdaleyfi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 167**

"Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið, en gerir kröfu um að sérstaklega sé gert ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda yfir brúna."

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 1809013 - 77. fundur íþrótta- og tómstundanefndar, dags.02.06.2021

*2) Íþróttamiðstöð*
*c)Sigmar kynnir fyrir nefndinni aðsóknartölur fyrir árin 2020-2021. Samanburðurinn mjög erfiður vegna Covid-19. Rúmlega tíu þúsund manns komu í sundlaugina í júlí 2020 og er það met aðsókn.*

*Helstu vandamál þjónustu við gesti sundlaugar er hversu erfitt er að halda hita á henni. Íþrótta- og tómstundanefnd vill ítreka að hitakerfi sundlaugar komist í lag sem fyrst og óskar eftir aðgerðaráætlun um framtíðar orkugjafa fyrir Íþróttamiðstöð.*

**Sveitarstjórn er meðvituð um vandann og unnið hefur verið að lausn málsins í vetur. Vonir standa til að þær úrbætur sem nú standa yfir verði til þess að m.a. hitastýring til upphitunar sundlaugar verði auðveldari. Til stendur að ljúka við verkefnið á næstu vikum. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að upplýsa um málið á vefsíðu sveitarfélagsins.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

3. 2106009 - Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu

*2. Slit Héraðsnefndar*
*Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu:*
*Héraðsnefnd leggur til við sveitarstjórnir Mýrdalshrepps og Skaftárhepps að nefndin verði lögð niður. Héraðsnefnd leggur til að þeir sem nú skipa héraðsnefndina verði skipaðir í skiptastjórn og semji við KPMG um ráðgjöf við uppgjör fjármála. Slíkt uppgjör yrði að nýju lagt fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar.*
*3. Önnur mál*

HGJ
KG
AJH
ABH

*Rætt um málefni Ytri Skóga. Héraðsnefnd samþykkir svohljóðandi bókun: Héraðsnefnd leggur til að samhliða slitum héraðsnefndar verði gert samkomulag milli sveitarfélaganna að þau hafi samráð sín á milli um málefni Ytri-Skóga og Skógasafns sem var enda gefið Vestur-Skaftfellingum.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti tillögur héraðsnefndar í heild sinni í liðum 2. og 3. hér að ofan.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

4. 1912002 - Jafnlaunastjórnunarkerfi - tillögur ritstjórnar

*Fyrir fundinum liggja tillögur ritstjórnar að jafnlaunastjórnunarkerfi sveitarfélagsins ásamt gögnum því tengdu til staðfestingar.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir öll skjöl jafnlaunastjórnunarkerfisins í eftirfarandi skjalamöppum; EY, LEI, STE, VER og VIN. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn skjölin Stig Skaftárhreppur vegna starfsmats og Við Skaftárhreppur vegna flokkunar starfa. Öll ofangreind skjöl staðfestir sveitarstjórn með undirritun sinni.**

5. 2106008 - Fjárfestingar 2021 - lántaka

*Sveitarstjórn ráðgerði í fjárhagsáætlun 2021 að fara í lántökur hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna stærsta hluta af framkvæmdum ársins sem áætlaðar eru allt að 166.750.000 á árinu.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 135.000.000 kr. Stærstur hluti lánsins verður til 13 ára, en óskað verður eftir grænni lánveitingu vegna framkvæmda sem uppfylla skilyrði sjóðsins þar að lútandi. Lánin verða í samræmi við samþykkta skilmála lánveitinganna sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til framkvæmda ársins 2021, þar með talinn er flokkunarstöð endurvinnslu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.**
**Jafnframt er Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.**

6. 2106007 - Aðalfundur Eldvilja 2021 - tilnefning fulltrúa

*Stjórn Eldvilja boðar til aðalfundar Eldvilja vegna ársins 2020 þriðjudaginn 22. júní nk. kl. 13:30*

**Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa Skaftárhrepps á fundinum.**

7. 1806015 - beiðni um umsögn um rekstrarleyfi gistingar í flokki II frá Icetrek ehf. kt. 630806-1780 vegna F2352272, Lambaskarðshólar við Eldgjá. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 07.06.2018

**EBH, KG, AH og HGÁ gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins. BG**

**situr hjá við afgreiðsluna vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri**

8. 2010008 - Svæðisskipulag Suðurhálendis - skipulagslýsing

   *Fyrir fundinum liggur lýsing vegna svæðisskipulags fyrir Suðurhálendi sem nær yfir hálendissvæði 9 sveitarfélaga á Suðurlandi, þe. í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Auk þessara sveitarfélaga taka Árborg og Flóahreppur þátt í verkefninu vegna nýtingarréttar á Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Afmörkun skipulagssvæðisins fylgir þjóðlendumörkum.*

   **Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur farið yfir lýsingu skipulagsáforma fyrir Svæðisskipulag Suðurhálendis 2020-2032 sem samþykkt var á fundi Svæðisskipulagsnefndar þann 25. maí sl. EBH, BG, AH og KG samþykkir lýsinguna til kynningar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grein 3.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. HGÁ situr hjá við afgreiðslu málsins.**

9. 2102018 - Aðgengi að Orustustöðum. Hermann Hreiðarsson, dags. 25.05.2021

   *Fyrir fundinum liggur erindi Hermanns Hreiðarssonar með fyrirspurn varðandi aðgengi að Orustustöðum og lagfæringu á slóðanum sem liggur vestan megin að landi Orustustaða.*

   **Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra í samvinnu við lögfræðing sveitarfélagsins að svara því.**

10. 2106010 - Gjaldskrá - meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi

    *Málinu frestað til næsta fundar*

11. 2010007 - Klausturvegur 4 tillaga að deiliskipulagi

    *Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulag fyrir nærumhverfi Klausturvegar 4 sem kynnt var íbúum og hagsmunaaðilum á opnum fundi þann 8. júní sl.*

    **EBH, AH og HGÁ samþykkja deiliskipulagstillöguna og að hún verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. BG og KG sitja hjá við afgreiðslu málsins.**

12. 1910014 - Tillaga sameiningarnefndar sveitarfélagsins Suðurlands. Anton Kári Halldórsson formaður nefndar, dags. 07.06.2021 - fyrri umræða

    *Í nóvember 2020 samþykktu sveitarstjórnir Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.*
    *Samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 7. júní og greinargerðinni Sveitarfélagið Suðurland-stöðugreining og forsendur dags. 7. júní 2021.*

    *Samstarfsnefndin kom saman á 11 bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði 5 starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Minnisblöð frá vinnu starfshópa eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins og hefur verkefnið verið kynnt á íbúafundum og sjónarmiða þeirra aflað.*

    *Það er álit samstarfsnefndar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa*

HGÁ
KG
AH

*sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram laugardaginn 25. september 2021 í öllum sveitarfélögunum. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps vísar málinu til síðari umræðu sbr. 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.**

13. 2106011 - Sorphirða 2021-2026 - niðurstaða verðkönnunar

*Verðkönnun vegna sorphirðu- og sorpeyðingar var auglýst þann 20. maí sl. og var frestur til að skila inn tilboðum til 3. júní 2021.*

**Eitt tilboð barst sameiginlega frá Jóni Hrafni Karlssyni kt.170682-3789 og Böðvari Péturssyni kt. 220480-5349 fh. óstofnaðs félags. Tilboðsfjárhæðin var 30.350.215,-. Sveitarstjórn hafnar tilboðinu. Skipulags- og byggingarfulltrúa og sveitarstjóra falið að leita samninga við tilboðsgjafa um afmarkaða þætti vegna sorphirðu-/sorpeyðingar í sveitarfélaginu og jafnframt að auglýsa eftir verktökum.**

14. 2106013 - Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands. EFS, dags. 08.06.2021

*Stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands ehf boðar til aðalfundar 28. júní nk. kl. 12:00 að Árhúsum á Hellu.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra umboð til að vera fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum.**

**Fundargerðir til kynningar**

15. 1801013 -

*1. 79. fundur íþrótta- og tómstundanefndar, dags. 07.06.2021*
*2. 103. fundur menningarmálanefndar, dags. 11.05.2021*
*3. 104. fundur menningarmálanefndar, dags. 28.05.2021*
*4. 176. fundur fræðslunefndar, dags. 01.06.2021*
*5. 898. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.05.2021*
*6. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands, dags. 19.05.2021*
*7. 88. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 20.05.2021*
*8. Fundur Umhverfisstofnunar og Skaftárhrepps með landeigendum Holts og Heiðar, dags. 20.05.2021*

**Fundargerðir kynntar**

**Annað kynningarefni**

16. 1801013 -

*1. Launaþróun sveitarfélaga - minnisblað. Samband íslenskra sveitarfélaga,dags. 26.05.2021*
*2. Stöðuskýrsla nr. 15 til ráðgefandi aðila. Félagsmálaráðuneytið, dags.28.05.2021*

**Kynnt**

KG
AÐH
HGA
[illegible]
BG

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður 15. júlí nk.

Fundi slitið kl. 15:35.

| | |
|---|---|
| Eva Björk Harðardóttir | Arndís Jóhanna Harðardóttir |
| Bjarki Guðnason | Heiða Guðný Ásgeirsdóttir |
| Katrín Gunnarsdóttir | |